

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2020, miðvikudaginn 2. desember kl. 09:01, var haldinn 90. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Ráðssal. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Pawel Bartoszek, Alexandra Briem, Hjálmar Sveinsson, Ragna Sigurðardóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir, Kolbrún Baldursdóttir og Daníel Örn Arnarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson og Jóhanna Guðjónsdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(E) Samgöngumál

1. Umferðarljósastýringar á Mál nr. US200371
höfuðborgarsvæðinu, niðurstöður
úttektar, kynning

Lögð fram til kynningar skýrsla með niðurstöðum úttektar SWECO á umferðarljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu, dags. 7. júní 2020, ásamt kynningarglærum og erindisbréfi samstarfshóps SSH og Vegagerðarinnar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Niðurstæða greiningar Sweco er að fjárfesta þurfi meira í fólki og ferlum, frekar en búnaði. Búnaðurinn stendur framarlega samanborið við aðrar borgir en koma þyrfti á mælanlegum mælikvörðum t.d. varðandi öryggi og biðtíma gangandi og hjólandi, nýta betur sóknarfæri núverandi búnaðar og auka samráð milli ólíkra aðila í ferlinu. Með stofnun formlegs samráðsvettvangs fagaðila er lagður grundvöllur að innleiðingu þessara ráðlegginga úr skýrslu Sweco.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Eitt af stóru tækifærum í bættri umferð er snjallvæðing ljósastýringa í Reykjavík. Greining Sweco bendir á að mælanleg markmið skortir og auka þurfi samráð við hagaðila. Þá er bent á að borgin geti bæt sig í að læra af reynslu annara borga. Griðarleg tækifæri eru í bættri ljósastýringu enda er það sett í sérstakan forgang í samgöngusáttmála. Sýnt hefur fram á að betri ljósastýring gæti minnkað tafatíma í umferð verulega. Nauðsynlegt er að setja fram skýr mælanleg markmið og framkvæmdaáætlun í bættri ljósastýringu í borginni. Þessa vinnu þarf nýtt félag Betri samgöngur ohf að leiða.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er komin skýrsla um ekki neitt annað en að fjölga opinberum starfsmönnum, skipa upplýsingafulltrúa um umferðarlýsingarmál og sækja peninga í sjóði ESB. Fulltrúar SWECO komu ekki til landsins til að kynna sér málin áður en skýrslan var gerð. Á þeim grunni er ljóst að skýrslan er gagnslaus. Nú hefur komið í ljós að skýrsla með niðurstöðum úttektar SWECO á umferðarljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu var skilað 7. júní sl. Það sætir mikilli furðu að kjörnir fulltrúar fái að bera skýrsluna augum fyrst nú því búið er að bíða eftir þessari skýrslu lengi. Ekki nóg með það –

heldur er búið að skipa starfshóp sem þegar hefur hafið störf við úrvinnslu skýrslunnar og í honum sitja eingöngu embættismenn. Minnt er á að í samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru umferðarljósastýringarmál sett í forgang og gera átti þarfagreiningu á hvernig hægt væri að auka umferðarflæði með réttri ljósastýringu. Þessi skýrsla fjallar ekki um það verkefni. Einn túrinn enn sitja kjörnir fulltrúar minnihlutans uppi með orðinn hlut og hafa ekkert til málanna að leggja.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Kynntar eru niðurstöður úttektar SWECO á umferðarljósastýringum í Reykjavík. Ef gluggað er í niðurstöður úttektarinnar þá virðist Reykjavík aftarlega á merinni miðað við þær borgir sem fjallað er um í skýrslunni. Hinn 3. júní bókaði Flokkur fólksins við yfirlitskynning á fyrirkomulagi umferðarljósastýringa í Reykjavík eftirfarandi: Á 100 stöðum er enn gömul útfærsla á umferðarljósum en á 113 stöðum nýrri. Þetta er langt því frá að vera viðunandi Eldri útfærslan hlýtur að vera á þeim stöðum þar sem mesta álagið er því slíkar eru umferðartafirnar og umferðarflæðið slakt? Það er vont að enn eigi eftir að nútímavæða ljósabúnað á 100 stöðum. Umferðaröngþveiti er víða í borginni og á hverjum morgni bíða raðir bíla eftir grænu ljósi og leiðin samt löngu orðin greið. Gamaldags umferðar ljósastýringarkerfi er ein stærsta ástæða þess að umferðin er í svo miklum ólestri sem raun ber vitni. Af hverju hefur þetta skref ekki verið tekið til fulls? Leiðrétt þarf einnig gangbrautarljós. Sú staðreynd að rauð ljós loga á gangbraut lengi eftir að viðkomandi hefur þverað gangbrautina er ekki til að bæta útblástursvandann.

2. Fólksbifreiðastæði við Spöng og Mál nr. US200429
Vesturhóla, tillaga - USK2020110068

Lögð fram svohljóðandi tillaga Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 23. nóvember 2020:

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að eftirtalin bílastæðaplön verði merkt sem fólksbifreiðastæði: - Spöng, sunnan götu.
- Vesturhólar, móts við Kríuhóla. Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

3. Kvosin, vistgötur, tillaga - Mál nr. US200431
USK2020060077

Lögð fram svohljóðandi tillaga Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 27. nóvember 2020:

Lagt er til skipulags- og samgönguráð samþykki að eftirfarandi götur í Kvosinni verði gerðar að vistgötum: - Aðalstræti, - Grófin, - Naustin norðan Tryggvagötu, - Tryggvagata milli Lækjargötu og Grófarinnar, - Vesturgata milli Grófarinnar og Mjóstrætis, og að bílastæði við Aðalstræti 9 verði sérstaklega merkt hreyfihömluðum.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan er að fullu í samræmi við tillögur um framtíðarumferðarskipulag Kvosarinnar sem samþykkt var á síðasta fundi. Áfram fögnum við gönguvænni borg.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Vistgötur í Kvosinni eru spennandi þróun sem mun vafalaust bæta mannlíf í miðborginni. Mikilvægt er að áfram sé tryggt gott aðgengi atvinnurekenda með aðföng og aðgengi leigubifreiða sé ekki raskað.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi sósíalista fagnar því að gangandi vegfarendur fái forgang í kvosinni og leggur áherslu á að merkingar verði mjög vel sýnilegar vegna þess að umferðarmenning á Íslandi hefur lítið gert ráð fyrir vistgötum hingað til.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Enn er þrengt að bílaumferð í Reykjavík. Hér er kynnt að loka eigi allri Kvosinni. Þetta er löngu komið yfir eitthvert þráhyggjustig hjá borgarstjóra og meirihlutanum. Þetta er hrein ögrun gagnvart Reykvíkingum og landsmönnum öllum. Það er bæði sorglegt og óhuggulegt hvernig búið er að skemma miðbæinn undanfarin rúman áratug undir stjórn vinstri manna í borgarstjórn. Einnig er það ábyrgðarleysi að verið er að loka aðgengi að opinberum stofnunum ríkisins. Borgin ber skyldur gagnvart ríkinu. Sú skylda er hundsúð í þessu máli – enda mega að sjálfsögðu engir bílar vera fyrir góða fólkinu þegar verið er að flýta sér úr ráðhúsinu yfir á Vinnustofu Kjarvals.

4. Umferðaröryggisaðgerðir 2020, hluti 2, Mál nr. US200430
tillaga - USK2020060110

Lögð fram svohljóðandi tillaga Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 24. nóvember 2020

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að:

1. Eftirtaldar göngubætur verði merktar sem gangbrautir.
 - a. Yfir Háteigsveg vestan við Stakkahlíð.
 - b. Yfir Urðarbrunn norðan Úlfarsbrautar.
 - c. Yfir Úlfarsbraut austan Urðarbrunn.
 - d. Yfir Úlfarsbraut vestan Urðarbrunn.
 - e. Yfir Úlfarsbraut móts við Lofnarbrunn 28.
 - f. Yfir Úlfarsbraut móts við Lofnarbrunn 14.
 - g. Yfir Úlfarsbraut austan Freyjubrunn.
 - h. Yfir Sogaveg norðan Tunguvegar
 - i. Yfir Sogaveg móts við göngubru á Skeifu
2. Akstur vélknúinna ökutækja verði óheimill á stíg norðan Laugardalsvallar þó verði vöruafgreiðsla, sorphirða og aðkoma að Laugardalsvelli heimil.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Umferðaröryggi í Úlfarsárdal hefur verið ábótavant. 7. október bókaði fulltrúi Flokks fólksins við afgreiðslu tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að gert verði átak til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda í Úlfarsárdal. Tillögunni var vísað frá. Minnt er á að málið var á dagskrá íbúaráðs Úlfarsárdals fyrir skemmstu en þar var bókað að nokkuð sé ábótavant við merkingar og einnig við umferðarskipulag svo sem hringtorg í Grafarholti og Úlfarsárdal. Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að verið sé að vinna að umferðaröryggisaðgerðum s.s. merkingu og lýsingu gangbrauta í Úlfarsárdal. Miklar tafir hafa verið á verkinu sem búið var að lofa fyrir ákveðinn tíma. Fram hefur komið hjá skipulagsyfirvöldum að það sé veghaldara að ákveða hvar gangbrautir yfir vegi eigi að liggja en ekki íbúa. Það er miður ekki síst í allri umræðunni um samráð við íbúa. Auðvitað eiga íbúar að hafa um þetta að segja. Eiga gangbrautir að vera gangbrautir aðeins ef veghaldari segir svo, annars bara göngupverun? Og ef það er göngupverun þarf þá ekki að vera skilti?! Hér er gott tilefni til að hafa samráð við íbúa sem vilja kannski hafa eitthvað um það að segja hvar gangbrautir eigi að vera í hverfinu þeirra.

(A) Skipulagsmál

5. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerð

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 12., 20. og 27. nóvember 2020.

6. Háaleitisbraut 1, breyting á deiliskipulagi (01.252.1) Mál nr. SN200697
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
570269-1439 Sjálfstæðisflokkurinn, Pósthólf 5296, 125 Reykjavík

Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 11. nóvember 2020 ásamt bréfi dags. 12. nóvember 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Háaleitisbraut. Í breytingunni felst að fjölga bílastæðum ofanjarðar um 8, úr 41 í 49, fækka bílastæðum í kjallara um 8, úr 84 í 76, bílastæði ofanjarðar sem eru umhverfis núverandi skrifstofuhús Valhallar sem snúa að húsinu að undanskildum sex syðstu stæðunum austan við húsið verða skammtíma stæði Valhallar á skrifstofutíma (alls 24 stæði), en stæðin verða samnýtt stæði með öðrum húsum á lóðinni utan hefðbundins skrifstofutíma ásamt því að önnur bílastæði ofanjarðar verða samnýtt skammtíma stæði fyrir öll húsin á lóðinni á skrifstofutíma að auki eru 5 bílastæði fyrir hreyfihamlaða á lóðinni, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 30. nóvember 2020.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

7. Frakkastígur - Skúlagata, breyting á (01.15) Mál nr. SN200208
deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Frakkastíg - Skúlagata, varðandi fyrirhugaða nýbyggingu við Frakkastíg 1. Um er að ræða endurskoðun á gildandi deiliskipulagi og með þessari breytingu fellur því úr gildi eldra skipulag sem var samþykkt í borgarráði Reykjavíkur þann 7. júní 2018, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 2. apríl 2020 br. 16. nóvember 2020. Tillagan var auglýst frá 20. maí 2020 til og með 1. júlí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Benóný Ægisson f.h. Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur dags. 30. júní 2020 og Björgvin Þórðarson hrl. hjá Atlas lögmönnum ehf. f.h. húsfélagsins að Skúlagötu 20, dags. 30. júní 2020. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 1. júní 2020, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 2. júlí 2020 og 10. nóvember 2020 og fornleifaskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 206, dags. 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 13. nóvember 2020.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. nóvember 2020. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans þakka kynningu á málinu. Með þeim breytingum sem hér hafa verið gerðar á deiliskipulagi er komið til móts við umsagnir um málið að því marki sem mögulegt er. Sérstaklega hefur verið skerpt á ákvæðum sem snúa að minjavernd og fornleifaskráning verið framkvæmd á lóðinni við Skúlagötu og Frakkastíg 1. Efstu tvær hæðir fyrirhugaðrar byggingar á lóð við Frakkastíg 1 verða inndregnar og er það rökstutt í tillögunni. Fulltrúarnir leggja áherslu á að við hönnun bygginga verði hugað vel að því að hús falli vel að hverfismynd og umhverfi sínu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins finnst ástæða til að styðja skoðun íbúasamtakanna ÍMR sem stendur gegn því að þessi bygging rísi. Samkvæmt riss –teikningu skemmir þessi bygging útsýni. Ályktum Íbúasamtaka Miðborgar (ÍMR) um deiliskipulagsbreytingu vegna nýbyggingar á Frakkastíg 1 á rétt á sér en stjórn ÍMR leggst gegn því að reist verði sjö hæða bygging á horni Frakkastígs og Skúlagötu þar sem nú, samkvæmt gildandi deiliskipulagi frá 1986 er gert ráð fyrir opnu svæði og “hugsanlegri dagvistun”. Stjórnin telur að halda eigi opna svæðinu við norðurenda Frakkastígs sem einskonar “öndunaropi” en þar er eini staðurinn í röð hárri bygginga við Skúlagötu þar sem enn eru tengsl milli eldri byggðar og sjávar. Það er auðvitað óþarfi að ganga með “þéttingu byggðar” út í slíkar öfgar að stoppa þurfi í hvert gat/bil með byggingu. Ef heldur sem horfir mun hvergi sjást til sjávar úr borginni áður en yfir lýkur. Fyrir augum verður aðeins steypa hvert sem litið er.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

8. Stuðlaháls 2, breyting á deiliskipulagi (04.325.4) Mál nr. SN200707 410169-4369 Áfengis-/tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Karls Péturssonar f.h. Áfengis-/tóbaksverslun ríkisins dags. 17. nóvember 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2 við Stuðlaháls. Í breytingunni felst hækkun á þakhæð fyrirhugaðs geymsluhúsnæðis úr 4 m í að hámarki 5,3 m, samkvæmt uppdr. Karls-Eriks Rocksén dags. 24. ágúst 2020 br. 11. nóvember 2020.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

9. Víðinesvegur 2, skipting lands Mál nr. SN200644
Þorbjörg Gígja, Víðinesvegur 2, 162

Lögð fram umsókn Þorbjargar Gíju dags. 14. október 2020 ásamt bréfi dags. 10. júlí 2020 um að skipta landinu Naustanes, Víðinesvegur 2, í tvo parta, samkvæmt samkvæmt uppdr. Sigurgeirs Skúlasonar dags. 10. júlí 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 20. nóvember 2020.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

10. Sóltún 2-4, (fsp) breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN200695
420805-1360 Sóltún 4 ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Sóltúns 4 ehf. dags. 10. nóvember 2020 ásamt greinargerð dags. 10. nóvember 2020 um breytingu á deiliskipulagi Ármannsreits vega lóðarinnar nr. 2-4 við Sóltún sem felst í að heimilt verði að lengja þær álmur á núverandi byggingu við Sóltún sem snúa inn að garði, heimilt verði að minnka tengibyggingu á milli Sóltúns hjúkrunarheimilis og hjúkruntengdra þjónustuíbúða í 1020 m² í stað 1400 m² og að heimilt verði að hafa hjúkruntengda þjónustubyggingu á 5 hæðum í stað 4 hæða auk kjallara sem að hluta yrði bílakjallari, samkvæmt uppdr. Nexus arkitekta ehf. dags. 30. október 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. nóvember 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans fagna aukinni uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustuíbúða í Reykjavík. Fulltrúarnir leggja til að hugað verði vel að götumynd í vinnu við deiliskipulagið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að fjölga hjúkrunarrýmum og þjónustuíbúðum í Reykjavík, en lítið hefur gerst í þeim málum á síðustu árum. Hér er verið að samþykkja að unnið verði að deiliskipulagið með fleiri rýmum. Þegar deiliskipulagstillaga kemur fram geta hagaðilar komið með athugasemdir um útfærslu skipulagsins.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

11. Rofabær 7-9, breyting á hverfisskipulagi (04.334.3) Mál nr. SN200703
Árbæjar skilmálaeiningu 7-2-4
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskilóð 31, 101 Reykjavík
460616-0770 Rofabær 7-9 ehf., Dalapíngi 12, 203 Kópavogur

Lögð fram umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 13. nóvember 2020 varðandi breytingu á hverfisSKIPULAGI fyrir Árbæ skilmálaeiningu 7-2-4 vegna lóðarinnar nr. 7-9 við Rofabæ. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit lóðarinnar ásamt því að uppskipting kjallara í bílakjallara og önnur rými er tekin út og texti um spennistöðvar við nýbyggingu er tekinn út, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta ehf. dags. 12. nóvember 2020.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

(B) Byggingarmál

12. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1091 frá 17. nóvember 2020 og nr. 1092 frá 24. nóvember 2020.

(D) Ýmis mál

13. Skólavörðustígur 36, kæra 121/2020 (01.181.4) Mál nr. SN200709
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 19. nóvember 2020 ásamt kæru dags. 18. nóvember 2020 þar sem kærðar eru ákvarðanir um veitingu leyfis til niðurrifs húss og byggingarleyfi fyrir þriggja hæða staðsteyptu húsi á lóð nr. 36 við Skólavörðustíg.

14. Gufuneshöfði, kæra 125/2020 (02.2) Mál nr. SN200738
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 26. nóvember 2020 ásamt kæru dags. 20. nóvember 2020 þar sem kærð er útgáfa byggingarleyfis fyrir mastur á Gufuneshöfða og deiliskipulagsbreyting þar af lútandi.

15. Gufuneshöfði, kæra 110/2020, umsögn (02.2) Mál nr. SN200691
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 6. nóvember 2020 ásamt kæru dags. 6. nóvember 2020 þar sem kærð er m.a. útgáfa á byggingarleyfi fyrir mastur að Gufuneshöfða og deiliskipulagsbreyting frá 2019 þar af lútandi. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 26. nóvember 2020.

16. Barmahlíð 19 og 21, kæra 54/2020, (01.702) Mál nr. SN200412
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 23. júní 2020 ásamt kæru dags. 15. júní 2020 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa um að synja beiðni kæranda um leyfi til þakhækkunar að Barmahlíð 19-21. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 24. júlí 2020. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 17. nóvember 2020. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík

frá 19. maí 2020 um að synja umsókn um byggingarleyfi fyrir hækkun þaks hússins að Barmahlíð 19-21 í Reykjavík.

17. Blesugróf 30 og 32, breyting á (01.885.3) Mál nr. SN200595 deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 12. nóvember 2020 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðanna nr. 30 og 34 við Blesugróf.

18. Kvosin, Landsímareitur, breyting á (01.140.4) Mál nr. SN200671 deiliskipulagi
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 19. nóvember 2020 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna Landsímareits.

19. Jöfursbás 5 og 7, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN200658
210279-3429 Helgi Mar Hallgrímsson, Laugateigur 46, 105 Reykjavík
470920-2460 Jöfursbás 7 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 19. nóvember 2020 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Gufuness vegna lóðanna nr. 5 og 7 við Jöfursbás.

20. Suður Mjódd, breyting á deiliskipulag (04.91) Mál nr. SN200543

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 19. nóvember 2020 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar.

21. Umhverfis- og skipulagssvið, uppgjör Mál nr. US200295
janúar til september 2020

Lagt fram uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs fyrir tímabilið janúar til september 2020.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Athygli vekur að undir liðnum Viðhald fasteigna má sjá að viðhaldskostnaður er undir áætlun. Þarf ekki einmitt að sinna viðhaldi vel ? “Viðhald fasteigna var 481 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins, helstu frávík eru sem hér segir; viðhald grunnskóla 166 m.kr., viðhald íþróttamannvirkja 66 m.kr., viðhald leikskóla 111 m.kr. og viðhald ýmissa fasteigna 50 m.kr.” Það er sérkennilegt að ekki hver króna sem er í áætlun sé nýtt í viðhald!

Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

22. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir Mál nr. US200296
ferðakostnað

Lögð fram skýrsla um ferðakostnað á umhverfis- og skipulagssviði fyrir tímabilið júlí til september 2020.

Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

23. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir innkaup yfir 1 m.kr. Mál nr. US200297

Lagðar fram innkaupaskýrslur umhverfis- og skipulagssviðs frá janúar til september 2020 fyrir aðalsjóð og eignasjóð á kaupum sem fara yfir milljón.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins óar við öllum þessum innkaupum Umhverfis- og skipulagssviðs sem birt eru í yfirlit í ljósi þess að á sviðinu starfa ótal sérfræðingar. Nýlega var verið að ráða enn fleiri sérfræðinga. Samt sem áður eru nánast flest verkefni keypt út í bæ. Milljarðar streyma úr borgarsjóði í aðkeypta sérfræðivinnu sem skipulagsyfirkvöld kaupa af sjálfstætt starfandi fyrirtækjum. Fulltrúi Flokks fólksins mun leggja fram spurningar um hvernig samskiptum umhverfis- og skipulagssviðs er háttað við verkfræði-arkitektastofur.

Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

24. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks, um greiðslur í gegnum app EasyPark sem áður var Leggja.is, svar - USK2020110008, R20100407 Mál nr. US200405

Lagt fram svar Bílastæðasjóðs, dags. 27. nóvember 2020.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Að mati áheyrnarfulltrúa sósíalista er í raun fáranlegt að borgin sjálf sjái ekki sjálf um innheimtu gjalda fyrir bílastæði heldur hleypi utanaðkomandi fyrirtæki inn sem græðir á innviðum borgarinnar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er talsvert áfall að heyra að bíleigendur sem nota EasyPark eru að greiða bæði bílastæðasjóði og EasyPark gjöld/þóknun. Segir í svari við fyrirspurn að EasyPark keypti Leggja.is árið 2019. Greiðslur fyrir stæði sem greiddar eru með greiðslulausninni renna óskertar til Bílastæðasjóðs. EasyPark leggur aukalega á þóknun fyrir hverja notkun og rennur sú þóknun til þeirra. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta vond tíðindi og veltir fyrir sér hvort bíleigendur sem leggja bíl sínum séu meðvitaðir um að þeir eru að greiða gjöld til beggja aðila. Seilst er ansi langt að mati fulltrúa Flokks fólksins í að hafa fé af þeim sem koma á bíl sínum á gjaldskyld svæði í Reykjavík

25. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US200421

Ítrekuð er fyrirspurn þar sem spurt var um verð á þeim 12 lóðum sem leggja á undir Malbikunarstöðina Höfða sem eru 12 talsins og nema samanlagðar um 5 hekturum. Eins er óskað eftir upplýsingum hvað Malbikunarstöðin Höfði greiðir í byggingaréttar- og innviðagjöld. Hvað greiðir malbikunarstöðin í gatnagerðargjöld af þessum lóðum?

Vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsvið, eignaskrifstofu.

26. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US200433

1. Hvað kostar skýrslan sem SWECO gerði um umferðarljósastýringu á höfuðborgarsvæðinu? 2. Hvernig var þessi aðili valinn til skýrslugerðarinnar?

Frestað.

27. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US200434

Kynntar eru niðurstöður úttektar SWECO á umferðarljósastýringum í Reykjavík. Reykjavík fær þar frekar slæma útreið og er aftarlega á merinni ef samanborin við aðrar borgir sem Reykjavík er borin saman við. Fulltrúi Flokks fólksins fýsir að vita hvernig það kom til að Reykjavík er þátttakandi í þessari úttekt og hvað er verið að greiða fyrir að vera aðili að þessari úttekt? Hvaða fyrirtæki er þetta SWECO og hver eru tengsl þess við skipulagsyfirvöld í borginni? Óskað er eftir að umhverfis- og skipulagssvið finni út hver kostnaður er ef hann liggur ekki fyrir nú.

Frestað.

28. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um að ráðist verði í úttekt á aðgengismálum hjólastólar og göngugrindur Mál nr. US200435

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að ráðist verði í úttekt á aðgengismálum í Reykjavík af hálfu umhverfis- og skipulagssviðs hvað varðar hjólastólaaðgengi og göngugrindur. Það er á ábyrgð stjórnvalda að tryggja það að allir hafi jafnt aðgengi að verslunum og þjónustu í landinu. Þetta er kveðið á um í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Lög um mannvirki leggja þá skyldu á sveitarfélög að hafa eftirlit með aðgengismálum. Ítrekað hefur verið bent á það að reglur um aðgengi séu ekki virtar. Fólk er orðið langþreytt á því að þurfa í sífellu að vekja athygli á því hve langt er í land í þessum málum þrátt fyrir það að lög og reglugerðir séu til staðar sem kveði á um aðgengiskröfur. Þörf er á því að greina betur vandann og efla eftirlit og ráðgjöf til verslana og og þjónustuveitenda til að tryggja það að allir komist greitt sinna leiða. Því er lagt til að umhverfis- og skipulagssvið framkvæmi úttekt á málaflokknum og greini hvaða leiðir séu færar til úrbóta til að tryggja það að verslanir og þjónustuveitendur geti haft aðgengiskröfur í samræmi við lög, reglugerðir og alþjóðasamninga.

Frestað.

29. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um að breyta bílastæðum fyrir stóra bíla fyrir hleðslustöðvar Mál nr. US200436

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skoðað verði hvort ekki er hægt að breyta bílastæðum fyrir stóra bíla, sem ekki fá að nota þau lengur samkvæmt hverfisskipulagi Breiðholts, í hleðslustæði ? Nú ríður á að liðka fyrir orkuskiptum og skipulagsyfirvöld geta beitt sér mun meira og betur í að komið verði hratt upp hleðslustöðum bæði fyrir rafmagn og metan.

Frestað.

30. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um að nota Mál nr. US200437

frárennsli húsa í meiri mæli til að hita almennar gangstéttir

Flokkur fólksins leggur til frárennsli frá húsum verði í meira mæli nýtt til að hita almennar gangstéttir. Nú sem fyrr er mikil hálka og víða stórhættulegt að ganga um í borginni. Hálkuvarnir eru hagkvæm framkvæmd sem fækkar beinbrotum og bætir lýðheilsu, því að á öruggum gangstéttum má ganga allan ársins hring. Þar sem ekki tekst að hita gangstéttir þarf að sinna snjómokstri og salta þegar hálka myndast. Saltkassar eiga einnig að vera aðgengilegir við göngustíga.

Frestað.

31. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um að sinna snjómokstri enn betur, salta gangstéttir og hafa saltkassa aðgengilega Mál nr. US200438

Flokkur fólksins leggur til að skipulags- og umhverfissvið standi sig betur í snjómokstri og söltun gangstétta og að saltkassar verði aðgengilegir við göngustíga í borginni. Borist hafa kvartanir yfir hversu illa er hreinsað t.d. í kringum skóla í Breiðholti og víðar á göngustígum í Breiðholti sem og ýmsum öðrum hverfum. Nú sem fyrr er mikil hálka og víða stórhættulegt að ganga um í borginni. Hálkuvarnir eru hagkvæm framkvæmd sem fækkar beinbrotum og bætir lýðheilsu, því að á öruggum gangstéttum má ganga allan ársins hring.

Frestað.

32. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US200439

Svar hefur borist við fyrirspurn um hvert tekjurnar sem mest notaða bílastæðaapp í Evrópu, sem nú er komið til Íslands fara vegna greiddra bílastæðagjalda innan Reykjavíkur? Í svari segir að EasyPark keypti Leggja.is árið 2019. Greiðslur fyrir stæði sem greiddar eru með greiðslulausninni renna óskertar til Bílastæðasjóðs. EasyPark leggur aukalega á þóknun fyrir hverja notkun og rennur sú þóknun til þeirra. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta skrýtið svar frá bílastæðasjóði en er hér verið að segja að bæði bílastæðasjóður fái gjald og svo fari einnig sérstök greiðsla til EasyPark? eru bílaeigendur að greiða gjald til beggja í hvert skipti sem þeir leggja? eru bílaeigendur meðvitaðir um það og hafa þá gjöldin ekki hækkað sérstaklega þar sem EasyPark leggur aukalega þóknun á fyrir hverja notkun? Óskað er upplýsinga um samninga sem liggja til grundvallar samstarfs bílastæðasjóðs og EasyPark og hvernig fyrirkomulagið allt er í því sambandi?

Frestað.

33. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US200440

Fulltrúa Flokks fólksins óar við öllum þessum innkaupum Umhverfis- og skipulagssviðs sem birt eru í yfirlit í ljósi þess að á sviðinu starfa ótal sérfræðingar. Nýlega var verið að ráða enn fleiri sérfræðinga. Samt sem áður eru nánast flest verkefni keypt út í bæ. Milljarðar streyma úr borgarsjóði í aðkeypta sérfræðivinnu sem skipulagsyfirvöld kaupa af sjálfstætt starfandi fyrirtækjum. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga

um hvernig samskiptum umhverfis- og skipulagssviðs (USK) er háttað við verkfræði-arkitektastofur. Spurt er: Hvernig er samskiptum við verkfræði-arkitektastofur háttað? Óskað er eftir upplýsingum um tilboð- fasta samninga- magnafslætti? Verið er að greiða verk- og arkitektastofum gríðarlegar upphæðir. Er ekki hægt að vinna nein þessara verkefna af sérfræðingum sviðsins?

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 11:28**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Alexandra Briem
Ragna Sigurðardóttir
Katrín Atladóttir

Hjálmar Sveinsson
Hildur Björnsdóttir
Eyþór Laxdal Arnalds

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2020, þriðjudaginn 17. nóvember kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1091. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erla Bjarný Jónsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Edda Þórsdóttir og Olga Hrund Sverrisdóttir.

Fundarritari var Erla Bjarný Jónsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Akurgerði 15 (18.132.15) 107902 Mál nr. BN058190
050882-2259 Simon David Knight, Akurgerði 15, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að færa og stækka kvisti og setja svalalokanir á svalir í risi til suðurs, bæta við þakgluggum á norðurþekju, setja nýtt þak og skyggni yfir anddyri og kjallaratröppur, síkka glugga úr borðstofu og gera þar þrefalda hurð út á nýjan sólpall og tröppur af honum niður í garð auk smávægilegra breytinga á innra skipulagi í risi í sambýlishúsi á lóð nr. 15 við Akurgerði.
Erindi fylgir samþykki eigenda húss nr. 17 á afrit af uppdrætti dags. 5. nóvember 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. október 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. október 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2020.
Stækkun 0.8 ferm., 2.2 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað
Vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.
Vísað til uppdráttar nr. 101, 102, 103 dags. 12. nóvember 2020, nr. 104, 105, dags. 5. nóvember 2020.
2. Austurstræti 20 (11.405.03) 100863 Mál nr. BN058366
640413-1150 Vivaldi Ísland ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057777 þar sem hætt er við breytingar á stiga á milli rýma 0101 og 0201 og þarf því að breyta innra skipulagi þannig að starfsmannastigi færist til og snyrtingum er breytt, einnig er eldhúsi skipt í tvennt og þjónar rými 0102 annars vegar og rými 0106 hinsvegar í veitingarhúsi á lóð nr. 20 við Austurvöll.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. Álftamýri 43-57 (12.803.02) 103667 Mál nr. BN058191
301167-3509 Stefán Már Kristinsson, Álftamýri 43, 108 Reykjavík
170667-5309 Sigrún Eiríksdóttir, Álftamýri 43, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að stækka íbúð með því að byggja ofan á bílgeymslu, mhl.01, í raðhúsi á lóð nr. 43-57 við Álftamýri.
Stækkun: 34.8 ferm, 97.4 rúmm.
Erindi fylgir samþykki eigenda mhl. 02- mhl.08, útskrift úr gerðarbók skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020, mæliblað 1.280.3 endurútgefið 22. september 2011 og hæðablað dags. í maí 1961.

Útskrift úr gerðabók embættis afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. október 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 26. október 2020.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

4. Bauganes 1A (16.720.16) 106804 Mál nr. BN058409
280277-3639 Ólöf Viktorsdóttir, Bauganes 1A, 102
201177-5109 Einar Sævarsson, Bauganes 1A, 102
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057395 þannig að viðbygging er stækkuð og uppbyggingu breytt í timburgrindarhús einangrað og klætt dökkklitum álpötum á einbýlishúsi á lóð nr. 1A við Bauganes.
Stækkun: 91,8 ferm., 362.1 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af síðustu samþykktu teikningum stimpluðum 18. ágúst 2020
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits og lagfæra skráningu.
5. Bergstaðastræti 20 (01.184.011) 102006 Mál nr. BN056563
051077-5209 Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Bergstaðastræti 20, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir nýjum gluggum á suðurhlíð og svölum á vesturhlíð húss á lóð nr. 20 við Bergstaðastræti.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. ágúst 2019 og dags. 24. júní 2020, umsögn Minjastofnunar dags. 24. júní 2020, minnisblað frá burðarvirkishönnuði dags. 26. júní 2020 og yfirlit breytinga mótt. 26. júní 2020. Einnig fylgir erindinu beiðni eiganda um að fella niður erindi BN055021, dags. 24. júní 2020.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
6. Bjargargata 1 (16.313.05) 220421 Mál nr. BN058451
680515-1580 Gróska ehf., Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN051881 þannig að flóttaleiðum og innra skipulagi skrifstofurýmis fyrir allt að 220 starfsmenn og 70 gesti er breytt á 2. hæð í norður- og vesturhluta verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á lóð nr. 1 við Bjargargötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af innlögðu teikningasetti og A3 afriti af teikningum samþykktum 7. febrúar 2017, teikningaskrá síðast breytt 5. nóvember 2020 ásamt bréfi frá hönnuði dags. 5. nóvember 2020.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
7. Borgartún 18 (12.210.01) 102796 Mál nr. BN058428
440608-0510 VIRK-Starfsendurhæfingarsj. ses., Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og opnun á gluggum sem áður höfðu verið lokaðir af í húsi á lóð nr. 18 við Borgartún.
Erindi fylgir yfirlit yfir breytingar, bréf hönnuðar dags. 4. nóvember 2020 og greinagerð brunahönnuðar dags. 27. október 2020.

Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

8. Borgartún 28A (12.301.01) 102912 Mál nr.
BN058462
690612-0970 HEK ehf., Strandgötu 11, 220 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN050166, þannig að breytt er innra skipulagi rýma 0101 og 0102, bætt við gluggafagi á norðvestur horni húss og hurð á sorpgeymslu færð á suður langvegg, á lóð nr. 28 við Borgartún.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
9. Brautarholt 4-4A (12.412.03) 103021 Mál nr.
BN057715
670716-0900 V Tólf Fasteignir ehf., Hófgerði 2, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu á bakhlið, stækka og síkka glugga og koma fyrir svölum á báðum hliðum, koma fyrir lyftu og innrétta 16 íbúðir á 2. - 4. hæð og verslun og sameiginlegt þvottahús á jarðhæð, einnig til að byggja einnar hæðar byggingu að lóðamörkum í austur og suður þar sem innréttuð verður hjólageymsla og geymslur íbúða með verönd á þaki á og við hús nr. 4, mhl. 01 á lóð nr. 4-4A við Brautarholt.
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar um algilda hönnun dags. 21. febrúar 2017, samþykki meðlóðarhafa dags. 12., 13. og 18. maí 2020, bréf hönnuðar dags. 29. september 2020 og tillaga að nýju lóðarblaði mótt. 29. september 2020.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. ágúst 2020 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2020.
Stækkun: 208,3 ferm., 604,7 rúmm.
Eftir stækkun, A-rými: 1.182,8 ferm., 3.987,7 rúmm.
B-rými: 18,8 ferm., 53,5 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Uppfærðum teikningum vísað til skipulagsfulltrúa vegna grenndarkynningar.
10. Efstasund 80 (14.100.08) 104969 Mál nr.
BN057633
170569-5479 Valdimar Snorrason, Efstasund 80, 104 Reykjavík
230577-4719 Aldís Magnúsdóttir, Efstasund 80, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr á norðvestur horni lóðar nr. 80 við Efstasund.
Erindi fylgir samþykki eigenda Efstasunds nr. 78 vegna þakkants á lóðamörkum, dags. 10. ágúst 2020 og samþykki meðlóðarhafa, dags. 25. júlí 2020.
Stærð mhl. 02 bílskúr er: 40,5 ferm., 147,1 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
11. Fiskislóð 41 (10.866.02) 209698 Mál nr.
BN058108
711292-2929 Bílabúð Benna ehf., Krókhálsi 9, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús fyrir dekkjaverkstæði á 1. hæð og óráðstafað rými á 2. hæð í húsi á lóð nr. 41 við Fiskislóð.

